



270. Stjórnarfundur haldinn 17. ágúst 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá: Háskóla Reykjavíkur, SÁÁ, Afrit af slysaskýrslu frá fimleikadeild, UMFÍ ulm 06, UMFÍ Göngum um Ísland, UMSE Þorvaldsdalskokkið, Spkef sjálfsskuldarárbyrgð, ÍRB þing ÍRB 06, UMFÍ ungir tengiliðir, UMFÍ forvarnadagur í grunnskólum, UMFÍ umsókn um landsmót 2012, UMFÍ boðsbréf ulm 06, Skinfaxi.

3. Send bréf.

Engin

4. Íþrótt- og leikjaskóli.

Tekin hefur verið saman skýrsla um starfsemi skólans. Skýrslan verður afhent íþrótt og tómsundaráði RNB á næstunni. Skýrslan verður einnig á heimasíðu félagsins.

5. 17. júní 2006.

Drög að skýrslu 17. júnínefndar kynnt. Skýrslan verður afhent íþrótt og tómsundaráði RNB á næstunni.

6. Nýtt félagsheimili Kelavíkur

Málið rætt. Halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið í gangi.

7. Tímaúthlutanir

Framkvæmdastjóri fór yfir gang mála og stöðu.

8. Önnur mál.

Setja vinnu í gang hvað varðar heildarskipulagningu á Hringbrautarsvæðinu. Hvað ef verður slys?. Nefndin lagði fram eyðublað sem er tilkynning um slys. Samþykkt að setja eyðublaðið á heimasíðu og í íþróttamannvirkin okkar.

Setja þarf vinnu af stað í sögunefnd.

Samþykkt að senda bæjarstjórn og bæjarráði bréf vegna framkvæmda á viðbótar-bílastæðum við malarvöllinn, sem er andstætt því sem bæjaryfirvöld höfðu áður ákveðið í samráði við félagið. Aðalstjórn lýsir furðu sinni með að ekki skuli haft samráð við félagið um þessar framkvæmdir. Afrit sent til Stefáns Bjarkasonar og Viðars Más Aðalsteinssonar

Rætt um að setja reglur um fjáraflanir sem eru í nafni félagsins. Málinu frestað til næsta fundar.

Samþykkt að halda námskeið fyrir þá aðila sem sjá um heimsíðu deilda og félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að koma námskeiðinu á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:00

